

að hvetja lítil og meðalstór fyrirtæki til að taka þátt í samvinnu á sviði viðskipta og efnahagsmála;

að stuðla að viðskiptaferðum, kaupstefnum og vörusýningum, málþingum, ráðstefnum og tæknifyrirkynningum;

að hvetja til sameiginlegs átaks einkafyrirtækja á mörkuðum þriðju landa; og

að stuðla að samstarfi í sjávarútvegi.

3. Ráðgjafarhópnum er heimilt að endurskoða þessa sameiginlegu vinnuáætlun og breyta henni reglubundið.

the encouragement of small and medium-sized enterprises to participate in trade and economic cooperation;

the promotion of economic missions, trade fairs and industrial expositions, symposia, conferences and technical presentations;

the encouragement of joint efforts of the private sector in third country markets; and

the promotion of cooperation in the fisheries sector.

3. The present Joint Work Program may be reviewed and revised periodically by the Consultative Group.

31. mars 1998

Nr. 6

AUGLÝSING

um gildistöku samnings um verndun Norðaustur-Atlantshafsins.

Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, sem gerður var í París 22. september 1992, öðlaðist gildi 25. mars 1998, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1997 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. mars 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

15. júní 1998

Nr. 7

AUGLÝSING

um gildistöku Norðurlandasamnings um norrænan vinnumarkað fólks með minnst þriggja ára æðri menntun sem veitir starfsréttindi.

Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænan vinnumarkað fólks með minnst þriggja ára æðri menntun sem veitir starfsréttindi, sem gerður var í Kaupmannahöfn 24. október 1990, öðlaðist gildi 9. maí 1998, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 26/1995 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 15. júní 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.